

Ed.

214. Nefndarálit

um frv. til laga um innflutning og gjaldeyrismeðferð.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og rætt við fjármálaráðherra um efni þess. Samkomulag varð um að mæla með frv. með breytingu á 1. gr. þess. Einn nefndarmanna (BSt) tekur fram, að hann er sömu skoðunar og fram kom frá þm. V.-Húnv. í niðurlagi nefndarálits á þskj. 171. Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að fylgja breytingartillögum, ef fram koma.

Samkvæmt þessu leggur nefndin til, af frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU.

Við 1. gr. Aftan við greinina bætist ný málsg., svo hljóðandi:

Eigi má skipa í viðskiptaráð fulltrúa sérstakra stétta eða félaga né heldur menn, er eiga beinna hagsmuna að gæta í sambandi við störf ráðsins eða eru í þjónustu aðila, sem svo er ástatt um.

Alþingi, 15. jan. 1943.

Pétur Magnússon,
formaður.

Haraldur Guðmundsson,
fundaskrifari, frsm.

Bernharð Stefánsson.

Steingr. Aðalsteinsson.

Lárus Jóhannesson.